



Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 8. maí 2024
23101222/003.07 AKS

Til bæjarráðs – Minnisblað frá spretthópi um rýni mótuneyta.

Á fundi bæjarráðs 16. október 2023 var samþykkt tillaga bæjarstjóra um stofnun spretthóps um rýni mótuneyta velferðar- og menntasviðs.

Hópin skipa eftirtaldir:

Orri V. Hlöðversson frá meirihluta bæjarstjórnar
Sigurbjörg E. Egilsdóttir, frá minnihluta bæjarstjórnar
Alda Kristín Sigurðardóttir, deildarstjóri innkaupadeildar
Sindri Sveinsson, rekstrarstjóri menntasviðs
Atli Sturluson, rekstrarstjóri velferðarsviðs

Verkefni spretthóps voru í samræmi við [fylgiskjal](#) með samþykkt bæjarráðs. Í minnisblaðinu er að finna samantekt á niðurstöðum spretthóps. Hópurinn greindi helstu verkefni mótuneyta og flokkaði samkvæmt eftirfarandi töflu:

1	Samsetning máltíða og matseðla
2	Kaup á hráefni
3	Móttaka pantana
4	Móttaka reikninga
5	Mat á birgjum
6	Framreiðsla, nýting og geymsla
7	Endurmat
8	Fræðsla fyrir matreiðslumenn
9	Samstarfsvettvangur fyrir matreiðslumenn

Í minnisblaðinu er fjallað um hvern flokk fyrir sig út frá því hvað þegar hefur áunnist, núverandi stöðu og framtíðar möguleikum til að viðhalda og bæta árangur ásamt auka hagkvæmni.

Virðingarfyllt,

Alda Kristín Sigurðardóttir
Deildarstjóri innkaupadeildar

